



www.fib.is

# Félag íslenskra bifreiðaeigenda

ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. P 131/394

komudagur 3. 12. 2004

Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004

## Varðar frumvarp til vegalaga, 19. mál, öryggi, staðlar

Félag íslenskra bifreiðaeigenda styður framkomið frumvarp um breytingu á vegalögum. FÍB tekur undir með flutningsmönnum varðandi mikilvægi vegahönnunar og umhverfis vega til að auka umferðaröryggi og gerir engar athugasemdir við frumvarpið. Margir íslenskir vegir eru frumstæðir en það hlýtur að vera markmið yfirvalda á hverjum tíma að vinna markvist að því að auka öryggi vegfarenda m.a. í tengslum við lagningu og endurbætur á vegum.

FÍB er aðili að EuroRAP (European Road Assessment Programme) sem er samstarfsverkefni evrópskra bifreiðaeigendafélaga, vegayfirvalda og leiðandi sérfræðinga á sviði vegamála, varðandi gæðamat á vegum. EuroRAP setur umferðaröryggi í ákveðið kerfi þar sem ábyrgðin er borin sameiginlega af bílaframleiðendum, vegayfirvöldum og öðrum. Öruggeri bílar, betri ökumenn, markviss umferðarlöggæsla og öruggir vegir er lykillinn að stórauknu umferðaröryggi.

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson  
framkvæmdastjóri



MEMBER OF ALLIANCE  
INTERNATIONALE  
DE TOURISME

HEIMILIS- & PÓSTFANG:  
ADDRESS AND POSTAL ADDRESS:  
Borgartún 33 · IS-105 Reykjavík

SÍMI:  
TELEPHONE:  
+354 562 9999

MYNDSENDIR:  
TELEFAX:  
+354 552 9071

NETFANG:  
E-MAIL:  
fib@fib.is

KENNITALA:  
REG. NUMBER:  
530169-7749

